mun því máli verða beint áfram í sambandi við fjárhagsmálið. 1863.

15. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, 8. júním.
að lagafrumvarp nokkurt, er þingið hafði samið, um rafsegulþráð þann, er Tal. P. Shaffner hefir áformað að leggja, verði gjört að lögum.

En þareð ætla má eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, að það sè næsta óvíst, hvort áform þetta verði framkvæmt, hefir eigi þótt ástæða til að láta nú sem stendur koma út lagaboð um þetta efni fyrir Ísland.

16. Eptir að fengið hefir verið álit hlutaðeigandi embættismanna á Íslandi um bænarskrá alþingis viðvíkjandi breyting á þeim tíma, er haldin eru manntalsþing í Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslu, höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að fresta megi, samkvæmt uppástungu alþingis, manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní- eður júlímánuði[1].

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 8. dag júnímánaðar 1863.

Undir Vorri konunglegu hendu og innsigli.

---

41. Opið brèf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum. 9. júním.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir konung bænarskrá alþingis þess, er haldið var árið 1861, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðar sýslum í vesturumdæminu á Íslandi, og hefir hans hátign þóknazt 8. d. þ. m. allramildilegast að ákveða, að hèreptir megi fresta manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní- og júlímánuði.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 9. dag júnímánaðar 1863.

---

[1]) Sjá næstfylgjanda opið br. 9. júnímán. 1863.